

Samkvæmt framansögðu þykir skilyrði 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 fyrir framsali Guðmundar Einars vera fullnægt.

Með hliðsjón af öllu framanskráðu og fyrirbyggjandi gögnum málsins þykja þannig vera fyrir hendi skilyrði samkvæmt lögum nr. 7/1962 um framsal Guðmundar Einars Harðarsonar til Svíþjóðar.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. ofangreindra laga ber að greiða sakarkostnað vegna máls þessa úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda Guðmundar Einars, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000.

Úrskurðarorð:

Skilyrði samkvæmt lögum nr. 7/1962 um framsal saka-manna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar eru fyrir hendi til framsals Guðmundar Einars Harðarsonar, fædds 23. september 1951, til Svíþjóðar.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda Guðmundar Einars, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Föstudaginn 14. september 1979.

Nr. 164/1979. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhannesi Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. september 1979, er barst Hæstarétti 10. s. m. Krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi,

en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er á það fallist, að rannsóknarnauðsynjar bjóði, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi. Þykir gæsluvarðhaldstími að svo vöxnu hæfilega markaður allt til 7. nóvember 1979, kl. 1700.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Jóhannes Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til 7. nóvember 1979, kl. 1700.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. september 1979.

Ár 1979, laugardaginn 8. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Þann 2. september sl. var brotist inn í Iðnó við Vonarstræti hér í borg og stolið þar vasatölvu af gerðinni Casio og tékkhefti á aðalbanka Útvegsbanka Íslands með 25 óútfylltum eyðublöðum. Þann 5. september var Magnús Vilmundarson, Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði, handtekinn, er hann reyndi að innleysa 3 tékka úr fyrrnefndu tékkhefti í Útvegsbanka Íslands. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst Magnús hafa fengið 4 útfyllta tékka hjá kærða, Jóhannesi Ólafssyni, samtals að fjárhæð kr. 479.778, og hafði Magnús þegar selt einn þeirra að fjárhæð kr. 150.000.

Kærði, Jóhannes Ólafsson, var handtekinn í veitingahúsinu Klúbbnum þann 6. þ. m. um kl. 2300. Hafði hann þá m. a. í fórum sínum útfyllt tékkaeyðublað á Landsbanka Íslands, Múlaútibú, að fjárhæð kr. 290.000.

Kærði var yfirheyrdur af rannsóknarlögreglu í gær. Kvaðst hann þá hafa stolið tékkhefti á Útvegsbanka Íslands af einhverjum manni í veitingahúsinu Óðali þann 2. september sl. og hafa falsað öll eyðublöðin úr því og selt í ýmsum verslunum í Reykjavík. Einnig kannaðist hann við að hafa afhent Magnúsi Vilmundarsyni áðurgreinda 4 tékka.

Einungis fjórir tékkar úr þessu hefti eru komnir í hendur rannsóknarlögreglunnar.

Enn fremur kvaðst kærði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hafa fundið seðlaveski í veitingahúsinu Klúbbnum um síðustu mánaðamót, sem í voru m. a. 3 óútfyllt tékkaeyðublöð á Landsbanka Íslands, Múlaútibú. Hann hafi falsað þau öll og selt 2 tékka, en einn var hann með í fórum sínum, er hann var handtekinn.

Kærði kvaðst telja, að hann hefði selt tékka síðustu daga fyrir um 1 milljón króna, en ekki eiga eftir af því nema kr. 10.200.

Með skírskotun til 1. og 5. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 gerði RLR þá kröfu í gær kl. 1750, að kærði yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til 5. desember nk. Ekki reyndist þá unnt að færa kærða fyrir dóminn, þar sem hann hafði með einhverjum hætti komist yfir lyf, og var hann ekki viðræðuhæfur.

Kærði kom fyrir dóminn í morgun ásamt réttargæslumanni sínum. Mótmælti kærði gæsluvarðhaldskröfunni, og til vara krafðist hann styttingar. Þá gerði hann kröfu um, að sundurliðað yrði, hve lengi gæsluvarðhaldið ætti að vara samkv. 1. tl. 67. gr. og hve lengi samkv. 5. tl. 67. gr. laga 74/1974.

Kærði bar í dóminum á sama veg og fyrir rannsóknarlögreglu og staðfesti skýrslur sínar, sem hann gaf hjá lögreglu í gær.

Þann 30. júlí sl. voru ríkissaksóknara send 8 mál til ákvörðunar á hendur kærða vegna auðgunarbrota. Þá eru til meðferðar hjá embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði 6 ákærur á hendur kærða vegna innbrota, og eru þau mál ódæmd.

Kærði var úrskurðaður þann 30. júní sl. í gæsluvarðhald, og sætti hann því allt til 29. ágúst sl.

Rannsókn þeirra mála, er að framan greinir, er skammt á veg komin. Á hinn bóginn er meðferð mála kærða hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði nær lokið. Enn eru ókomin frá ríkissaksóknara þau mál, er þangað voru send hinn 30. júlí sl.

Hætta er á, að kærði kunni að torvelda rannsókn, og ætla má, að hann muni halda áfram brotastarfsemi, á meðan málum hans er ólokið, ef hann er látinn vera laus.

Með hliðsjón af framansögðu og með skírskotun til 1. og 5. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir því rétt að verða við kröfu RLR um gæsluvarðhald. Þykir rétt að ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldinu allt til miðvikudagsins 5. desember nk., kl. 1700.

Ekki þykja efni til að verða við kröfu kærða um sundurliðun á gæsluvarðhaldstímanum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhannes Ólafsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 5. desember nk., kl. 1700.

Föstudaginn 14. september 1979.

Nr. 165/1979. Ákærvaldið

gegn

Eyjólfi Erni Jóhannssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. þ. m., sem barst Hæstarétti 11. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði verulega stytur.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.